

5. Ökutækjum samkvæmt f-lið 2. tölul. 22. gr. er óheimilt að aka á vegum. Þó er heimilt að aka sérsmiðuðum rallbifreiðum á vegum vegna þátttöku í rallaksturskeppnum samkvæmt reglum um akstursíþróttir og aksturskeppni og til æfingaaksturs samkvæmt sömu reglum.

3. gr.

1. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Sá sem notið hefur eftirgjafar skal greiða til ríkissjóðs eftirgefið vörugjald með verðbótum að frádreginni fyrningu sé viðkomandi ökutæki selt eða tekið til annarrar notkunar en lá til grundvallar eftirgjöfnni:

1. Innan sjö ára frá skráningardegi ökutækis þegar um er að ræða eftirgjöf samkvæmt f-lið 2. tölul. 22. gr.
2. Innan fimm ára frá skráningardegi ökutækis þegar um er að ræða eftirgjöf samkvæmt a-d liðar 2. tölul. 22. gr. og 2.-3. og 5. tölul. 23. gr.
3. Innan fjögurra ára frá skráningardegi ökutækis þegar um er að ræða eftirgjöf samkvæmt e-lið 2. tölul. 22. gr. og 1. tölul. 23. gr.
4. Innan þriggja ára frá skráningardegi ökutækis þegar um er að ræða eftirgjöf samkvæmt 4. tölul. 23. gr.
5. Innan tveggja ára frá skráningardegi ökutækis þegar um er að ræða eftirgjöf samkvæmt 6. tölul. 23. gr.

4. gr.

3. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Fyrning skal vera 1/84 hluti verðbættar fjárhæðar fyrir hvern mánuð frá skráningu ökutækis vegna eftirgjafar samkvæmt f-lið 2. tölul. 22. gr., 1/60 hluti verðbættar fjárhæðar vegna eftirgjafar samkvæmt a-d lið 2. tölul. 22. gr., 2.-3. og 5. tölul. 23. gr., 1/48 hluti verðbættar fjárhæðar vegna eftirgjafar samkvæmt e-lið 2. tölul. 22. gr. og 1. tölul. 23. gr., 1/36 hluti verðbættar fjárhæðar vegna eftirgjafar samkvæmt 4. tölul. 23. gr. en 1/24 hluti verðbættar fjárhæðar vegna eftirgjafar samkvæmt 6. tölul. 23. gr.

5. gr.

Reglugerðin er sett samkvæmt heimild í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 7. júní 1999.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Marianna Jónasdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag við Mýrarveg norðan Akurgerðis, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga samþykkt á fundi sínum 18. maí sl. deiliskipulag við Mýrarveg norðan Akurgerðis. Skipulagssvæðið afmarkast af Mýrarvegi í austri, Akurgerði í suðri, austurlóðamörkum húsa austan Kotárgerðis og opnu útivistarsvæði í norðri. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir tveimur

fimm hæða fjölbýlishúsum fyrir eldri borgara með samtals 30 íbúðum og bílageymslu í kjallara húsanna.

Greinargerð og skipulagsuppráttur hafa fengið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Akureyri, 15. júní 1999.

F.h. Akureyrarbæjar,

Árni Ólafsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi lóðanna Suðurhraun 12 og Miðhraun 22 í Garðabæ. Hið nýja deiliskipulag svæðisins felst í því að byggingarreitir hefur verið stækkaður á báðum lóðunum. Skipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Garðabæ, 4. júní 1999.

Bæjarverkfræðingurinn í Garðabæ,

Eiríkur Bjarnason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 220/1995 um útflutning hrossa, með síðari breytingum.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða, sem sett var með reglugerð nr. 345/1998, fellur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 161/1994 um útflutning hrossa og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. júní 1999.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Sigríður Norðmann.